

# Fundur í fagráði nautgriparæktar 16. mars 2017

## Fundargerð

Fundurinn var símafundur og hófst kl. 10.00.

**Mættir:** Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Gunnar Kr. Eiríksson, Pétur Diðriksson, Þórarinn Leifsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Baldur Helgi, Björn S. Gunnarsson, Gunnfríður og Þóroddur boðuðu forföll.

### Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Umsóknir í Framleiðnisjóð landbúnaðarins
3. Fagþing nautgriparæktarinnar

#### 1. Fundarsetning

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 21. seb. 2017, samþykkt.

#### 2. Umsóknir í Framleiðnisjóð landbúnaðarins

Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur beint umsóknum í sjóðinn á sviði nautgriparæktar til umsagnar fagráðs og beðið um að umsóknum væri forgangsraðað.

##### a. Eiginleikar skyrar úr íslenskri og danskri mjólk

Verkefnið er samanburður skyrar úr íslenskri og danskri mjólk og að kanna/mæla hvort munur sé á áferð, bragði, lykt, vinnslueiginleikum og samspili við aðra þætti í uppskriftum og vinnsluferli. Fagráð telur verkefnið áhugavert en spyr hvort rétt sé að styrkja slíkt verkefni úr sjóðum ætlaða þróun og nýsköpun eða hvort markaðurinn eigi fremur að kosta það í meira mæli en fram kemur í umsókn. Forgangsröðun 5.

##### b. Nýting gæðaflokka í Evrópumati á nautgripaskrokkum

Tilgangur verkefnisins er að afla og koma á framfæri upplýsingum um nýtingu gæðaflokka ungnautaskrokka í nýju Evrópumati. Fagráð telur verkefnið áhugavert og nauðsynlegt en spyr hvort rétt sé að styrkja slíkt verkefni úr sjóðum ætlaða þróun og nýsköpun eða hvort markaðurinn eigi fremur að kosta það í meira mæli en fram kemur í umsókn. Forgangsröðun 5.

##### c. Huppu – breytingar vegna lögbundins skýrsluhalds

Umsókn vegna breytinga á skýrsluhaldskerfi nautgriparæktarinnar með tilkomu samnings um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar. Um er að ræða breytingar til þess að geta gert greinarmun á aðgangi manna þannig að þeir sem sinna lögbundnu skýrsluhaldi geti keypt sér ódýrari aðgang á Huppu en ella. Fagráð telur verkefnið bæði áhugavert og nauðsynlegt að notendur Huppu eigi kost á ódýrari aðgangi til þess að uppfylla skilyrði til greiðslna samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar. Forgangsröðun 3.

Guðmundur Jóhannesson, Guðný Helga Björnsdóttir og Gunnar Kr. Eiríksson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

#### **d. Söfnun vefjasýna úr íslenska kúastofninum til DNA-greiningar**

Verkefnið er liður í innleiðingu erfðamengisúrvals í íslenskri nautgripærækt og tekur til undirbúnings og söfnunar á vefjasýnum til arfgerðargreiningar á a.m.k. 5 þús. kúm til myndunar á svokölluðum grunnerfðahópi til tengslagreiingar á milli svipfarsmælinga og arfgerðar. Fagráð telur verkefnið mjög áhugavert og aðkallandi og að það muni nýtast mun greininni til framtíðar með gríðarmikilli aukningu erfðaframsfara. Forgangsröðun 1.

Guðmundur Jóhannesson, Guðný Helga Björnsdóttir og Gunnar Kr. Eiríksson tóku ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

#### **e. Sérstaða íslensku kúamjólkurinnar – efnagreiningar og framtíðartækifæri**

Verkefnið er umfangsmikil söfnun og nákvæmar efnagreiningar á neyslumjólk til mælinga á samsetningu mjólkur eins og prótein- og fitugerðum ásamt samanburði við mjólk á Norðurlöndum. Faráð telur verkefnið áhugavert og að það muni nýtast greininni sem grunnur að frekari þróun og nýsköpun. Forgangsröðun 4.

#### **f. Rannsókn á gæðum brodds íslenskra mjólkurkúa**

Verkefnið felst í ljósbrotsmælingum á 100 sýnum á broddmjólk samhliða mælingum á Immunoglobulíni (IgG) eða mótefnum til þess kanna hvort hægt sé að meta gæði broddmjólkur á einfaldan hátt með ljósbrotsmælingu. Fagráð telur verkefnið mjög áhugavert og að það geti nýst bændum og greininni á einfaldan hátt og bætt við þá þekkingu sem er óðfluga að byggjast upp um fóðrun ungfálfa hérlendis. Forgangsröðun 2.

#### **g. Áhrif kjarnfóðurs í stað mjólkurdufts á vöxt og þroska smákálfa**

Verkefnið gengur út á að skoða hvort lækka megi kostnað við eldi smákálfa með kjarnfóðurgjöf í stað mjólkurdufts án þess að það komi niður á vexti og þroska fyrstu 4-5 mánuði eftir fæðingu. Fagráð telur verkefnið mjög áhugavert og að það geti nýst greininni og bætt við þá þekkingu sem er óðfluga að byggjast upp um fóðrun ungfálfa hérlendis. Forgangsröðun 2.

### **3. Fagþing nautgripæræktarinnar.**

Guðný sagði frá því að dagskrá fagþingsins lægi fyrir og síðan að fagráð færði sig yfir á að halda fagþing í stað ársfunds hefði myndast sú hefð að fagráð og stuðningsfullrúar hefðu lagt fram ársskýrslur sinna stofnana um starfsemi á sviði nautgripæræktar fyrir fagþing. Ástæða væri til að halda því áfram og þær væru til staðar á fagþingi og í fundargögnum aðalfundar LK.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Gunnar Kr. Eiríksson

Pétur Diðriksson

Þórarinn Leifsson

#### **Fylgiskjöl:**

1. Fundargerð fagráðs dags. 21. febrúar 2017
2. Umsóknir í Framleiðnisjóð landbúnaðarins